


FISKIRANNSÓKNIR í STÓRU
LANGADALSÁ 1988

Sigurður Már Einarsson

[Borgarnesi, október 1988 VMST-V/88017X]



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

FISKIRANNSOKNIR I STÓRU LANGADALSA 1988

1. INNGANGUR

Nylega var athugun gerð á fiskstofnum Stóru Langadalsá. Helsta markmið rannsóknarinnar var að kenna útbreiðslu fisktegunda innan árinnar, athuga seiðamagn og kenna hvernig uppeldis og hrygningarskilyrðum væri háttar. Svipuð athugun hefur áður verið gerð á ánni (Pórir Dan Jónsson 1980), en sú rannsókn beindist einkum að því að meta skilyrði fyrir laxaseiði. Að þessu sinni var því megináhersla lögð á að kenna uppeldis og hrygningarskilyrði fyrir silung og þá sérstaklega bleikju sem algeng er í vatnakerfinu. Hér verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar.

2. STADHÆTTIR

Stóra Langadalsá hefur sameiginlegan ós við Setbergsá og eru ármótin um 1 km fyrir ofan ósinn. Arnar falla til sjávar skammt fyrir utan mynni Hvammsfjarðar rétt innan Alftafjarðar. Stóra Langadalsá er dragá sem á uppruna sinn 400-600 m hæð yfir sjó, en áin fellur þó að stærstum hluta á láglendi i innan við 100 m hæð yfir sjó. Heildarlengd árinnar er um 16 km, en áin er talin fiskgeng ca 13 km að fossi sem er ofarlega í svokölluðu hrauni (Miðhrauni).

Nokkrir lækir falla í ána. Má þar minnast á lækinn úr Haukabrekkuvatni austan við ána og þar skammt fyrir ofan eru svokallaðir Hjásetulækir. Að vestanverðu má nefna lindalæk sem kemur úr hrauntjörn við jaðar Miðrauns og fellur í Stóru Langadalsá nokkru neðar. Nokkru neðar er einnig lækur sem endar í siki við ána. Stóru Langadalsá má skipta í tvö svæði með tilliti til botngerðar. Allt frá ósi og fram undir hraun er áin mjög fingerð og rennur að mestu á malarbotni og er einnig fremur lygn sérstaklega neðan til. Við hraunið og ofan þess verður áin miklu gryttari og straumharðari.

I Stóru Langadalsá er bleikjan mest áberandi í veiði. Einnig verður alltaf eithvað vart við lax og stöku urriða. Engar veiðiskýrslur liggja hins vegar fyrir.

3. AÐFERDIR

Botngerð og straumskilyrði voru athuguð eftir föngum en þessir þættir skipta miklu málí fyrir hrygningu og uppeldi laxfiska og fisktegundir gera mismunandi kröfur hvað þessi atriði snertir.

Hitastig árinna var mælt og einnig liggja mælingar á rafleiðni vatnsins í Stóru Langadalsá fyrir. Mælingar á hitastigi i einn dag segja ekkert til um hitafar árinna og er nauðsynlegt að mæla það reglulega allt sumarið til að góð mynd fáist af hitafarinu. Leiðnimælingar er mælikvarði á steinefnainnihald árvatnsins og gefur grófa mynd af frjósemi svæðisins.

Seiðarannsóknir fóru fram á nokkrum stöðum í vatnakerfinu. Einungis var veitt einu sinni á hverjum stað og við úrvinnslu var seiðamagn borið saman það magn sem fékkst á hverjum stað miðað við 100 m² botnflatarmál. Seiði á hverjum veiðistað voru lengdarmeld og af hluta þeirra voru tekin sýni af hreistri og kvörnum til aldursákvarðana. Einnig var fæða lauslega athuguð.

I hrauntjörninni var einnig lagt lagnet til að afla sýna af þeim fiski sem þar fannst. Notað var 30 mm net. Einnig var 10 mm net lagt í hraunlækinn til að afla sýna af seiðum. I rannsóknarstofu var afli veginn og lengdarmeldur, kyn og kynþroski metinn, fæða athuguð og tekin sýni til aldursákvarðana af kvörnum og hreistri.

4. NIDURSTÖDUR OG UMRÆDA

4.1. BOTNGERD OG STRAUMLAG

Sé litið á skilyrði fyrir lax og silung í vatnakerfinu hvad þessi atriði snertir þá eru þau mjög mismunandi. Laxinn er ætið í mestu magni þar sem botninn er mjög gryttur og straumur hæfilega mikill (Þórir Dan Jónsson 1980). Bestu skilyrðin fyrir hann eru því efri hluti Stóru Langadalsá frá hrauninu og fram dalinn. Skilyrðin á neðri hlutanum eru slæm. Þar er botninn alltof fingerður og ábotninn á mikilli hreyfingu. Einnig eru bakkar óstöðugir. Skilyrði fyrir bleikju í aðalánni eru einnig léleg. Bleikjan er ekki mikill sundfiskur og þolir því ekki mikinn straum. Því er helst að finna hana meðfram bökkum í litlum straum og einnig nýtir hún grytt svæði í ánum. Skilyrðin fyrir bleikjuna eru hins vegar góð í ýmsum lækjum sem falla í ána. Þeir lækir sem skoðaðir voru t.d. Hjássetulækir, hraunlækurinn og sikkislækurinn höfðu allir góð skilyrði fyrir bleikjuuppeldi og hrygningu. Straumur var fremur litill og botn möl og smágrytti í bland. Þá virtist lækirknir vera lindalækir með stöðugt vatn og bakkar voru grónir.

4.2. HITASTIG OG LEIÐNI

Þann 22. Október var Stóra Langadalsá um 3.8 °C fyrir neðan Haukabrekku. Einnig var vatnshiti mældur í lind þar fyrir ofan og var hitinn þar 8.4 °C. Þessi hiti bendir til þess að einhver jarðhiti geti verið fyrir hendi. Áin étur af sér ís á veturna fyrir neðan þetta svæði að sögn bónans á Haukabrekku. Engar mælingar á vatnshita liggja fyrir í ánni en áin er talin af kunnugum í kaldara lagi. Nauðsynlegt er að kanna vatnshitann reglulega yfir sumartímann til að fá betri mynd af hitafarinu.

Leiðni árvatnsins var mæld 1987 og reyndist vera 64 mS. Til samanburðar er Setbergsá eilítio hærri eða með gildið 73. Þessi gildi sýna að steinefnainnihald vatnsins er yfir meðallagi.

4.3. FISKIRANNSÖKNIR

LAX

Laxaseiði fundust eingöngu á rafveiðistöðum í Langadalsá sjálfri, þ.e. við Hrishól og Klettakot (Tafla 1). Til að fá nánari mynd af útbreiðslunni hefði verið nauðsynlegt að veiða mun ofar í ánni en af því gat ekki orðið þar sem ekki var fært með þeim hluta árinna. Við fyrri athugun (Pórir Dan Jónsson 1980) fengust einungis seiði fyrir neðan Haukabrékku en ekki á stöðum ofan við Hraunið. Ekki er vitað hvort þar var veitt ofan við fossinn í ánni sem liklega er ófiskgengur nema etv í miklu vatni. Seiðamagn af laxi var mjög lítið sem endurspeglar litla laxgengd í ána. Skilyrðin á neðri hluta árinna eru léleg þar sem botngerðin hentar laxinum illa eins og fyrr var vikið að. Ofar í ánni eru skilyrðin hagstæð hvað botngerð snertir en etv er án þar orðin of köld til að klak komist að jafnaði upp. Auknar rannsóknir á hitafari og útbreiðslu laxins þarf til að skera nánar úr þessu.

BLEIKJA

Niðurstöður sýna að skilyrðin í Langadalsá sjálfri eru ryr fyrir bleikjuna sem endurspeglast í litlum seiðapéttleika á rafveiðistöðum (Tafla 1). Í lækjum þeim sem skoðaðir voru bæði læk frá hrauntjörn og í hjásetulækjum að austanverðu voru bæði uppeldis og hrygningarskilyði góð. Botngerð er hagstæð, lækirnir eru fremur lygnir og vatnsmagn stöðugt. Þótt lækirnir séu kaddir þá er bleikjan aðlöguð að lágum vatnshita og þessi svæði henta henni því vel. Mjög mikið af seiðum veiddust í lækjunum (Tafla 1) aðallega vorgömul seiði og eins árs seiði. Þess ber þó að geta að flatarmál þessara lækja er fremur lítið og því verður að líta á þeirra pátt í heildarframleiðslu á bleikju með hliðsjón af því. Þótt magn seiða í aðalánni sé lítið á sama flatarmáli miðað við lækina er án það stórt framleiðslusvæði að ætla verður að hún eigi verulegan hlut í framleiðslunni.

I hrauntjörninni tókst einnig að afla sýna af eldri bleikju. Niðurstöður aldursgreininga og mælinga fyrir einstaka fiska eru sýndar í Viðauka 1. Alls voru veiddust 28 bleikjur og lá þó netið einungis í örfáar minutur. Minnsta bleikjan var 11.7 sm og sú stærsta 44 sm. Mikið af fiski var í tjörninni.

I hana fellur vatn úr lind úr hrauninu og er tjörnin góður geymslustaður fyrir fisk áður en hann hrygnir í læknum fyrir neðan og einnig fyrir veturnsetu eftir hrygningu. Aldur bleikjunnar á móti lengd er sýndur á Mynd 2. Bleikjan var á aldrinum 1 - 5 ára og hafði vaxið vel. Stærsti hluti bleikjunnar var kynþroska og var kominn nálægt hrygningu. Greinilega var um sjóbleikju-stofn að ræða (Mynd 3). Sjóbleikjan hrygnir í september - október í ferskvatni og seiðin dveljast síðan í ánni í 2-7 ár eftir skilyrðum. I þessu vatnakerfi virðist bleikjan fara mest út eftir 2 og 3 ár. Bleikjan fer síðan til sjávar á vorin og dvelur 1-2 mánuði í sjó (stundum lengur) og snýr síðan seinnipart sumar til baka upp í ána bæði kynþroska og ókynþroska fiskur. Greinilegt var að summar bleikjurnar höfðu verið í sjó um sumarið en aðrar virtust hafa verið í sjó árinu áður en ekki farið á þessu ári.

URRIÐI

Litið veiddist af urriða. Vart varð við urriða í Hjásetulæk og einnig veiddust tveir ókynþroska urriðar í hrauntjörninni. (Viðauki 2). Urriðin virðist því i minnihluta á þessu vatnasvæði.

5. RADLEGGINGAR

Þar sem engar veiðiskýrslur liggja fyrir er ekki hægt að gera sér grein fyrir afraksturgetu fyrir fisk í vatnakerfinu. Veiðiréttareigendur eru hér því eindregið hvattir til að koma lagi á skráningu veiðihlunninda eins og lög kveða á um.

Hvað fiskrækt varðar er ýmislegt hægt að gera til að auka afrakstur af vatnakerfinu. Hægt væri að keyra grjót á neðri hluta áんな til að bæta uppeldisskilyrðin, sérstaklega fyrir laxinn og ennfremur mætti athuga með gerð veiðistaða. Kanna þyrfti nánar nýtingu efri hluta árinnafrá hrauni og framdalinn. Ef þetta svæði nýtist ekkert til fiskframleiðslu er mögulegt að nýta það með sleppingum á sumaröldum laxaseiðum (Pórir Dan Jónsson 1980). Athuga þyrfti hvort slikt gæti komið niður á bleikjuframleiðslu, en af þeim niðurstöðum sem liggja fyrir virðist litil hætta á því.

6. HEIMILDIR

Pórir Dan Jónsson 1980. Athugun á Stóru Langadalsá 1979.
Veiðimálastofnun. Skýrsla. 3 bls.


TAFLA 1

Þéttleiki laxfiskaseiða (Fj. í einni yfirferð á 100 m²)
í vatnakerfi Stóru Langadalsár 22. október 1988.

STADUR	BLEIKJA				LAX				URR.		
	0+	1+	2+	ALLS	0+	1+	2+	ALLS	0+	1+	ALLS
Tjarnar-											
lækur	20.8	8.3	-	29.1	-	-	-	-	-	-	-
Hjásetu-											
lækur	4.0	72.0	8.0	84.0	-	-	-	-	-	8.0	8.0
Hrishóll											
	1.0	0.5	-	1.5	-	-	0.5	0.5	-	-	-
Klettaþot											
	-	0.4	-	0.4	-	1.2	0.4	1.6	-	-	-


MYND 1

VATNAKERFI STÓRU LANGADALSÁR




MYND 2

LENGD OG ALDUR BLEIKJU I HRAUNTJÖRN



MYND 3

LIFSFERILL SJÓBLEIKJU



STAÐUR : Stóra Langadalsá-Hrauntjörn

AR : 1988

DAGS : 22 október

FISKTEGUND: Bleikja

VIDAUKI 2

STADUR : Stóra Langadalsá-Hrauntjörn

VEIDIMALASTJÓR

AR : 1988

DAGS : 22 október

FISKTEGUND: Urriði